



Áfanganúmer: ENSK3RT11

Prep: 3

Einingar: 11

Forkröfur: A.m.k. 5 einingar á 2. þrepi

Lýsandi heiti: Enska í 5. bekk náttúrufræðibrautar

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er lögð áhersla að nemendur verði læsir á fræðilega texta í raunvísindum til undirbúnings fyrir háskólanám, auki orðaforða sinn, bæti málvitund sína, lesi fjölbreyttar bókmenntir og þjálfist í ritun og munnlegri færni.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- þverfaglegum orðaforða til markvissrar notkunar í námi á háskólastigi
- mismunandi afstöðu og túlkun bókmennta og dýpri merkingu texta
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna í þeim löndum þar sem tungumálið er notað
- rithefðum sem við eiga í textasmið, m.a. um inngang með efnisyfirlingu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa fjölbreyttar gerðir texta, bæði fræðilega og bókmenntalega
- lesa sér til fræðslu og/eða ánægju texta sem gera miklar kröfur til lesandans, bæði hvað varðar orðaforða og uppbyggingu
- greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í texta
- nýta sér fyrirlestra, umræður og rökræður um efni menningarlegs eðlis
- átta sig á málfræðing, mismunandi málsmíði og stíl í töluðu máli og undirliggjandi merkingu, viðhorfum og tilgangi þess sem talar
- tjá sig munnlega skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér
- skilja sér til gagns þegar fjallað er um flókið efni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita málinu af lipurð og kunnáttu til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rökræðum þar sem fjallað er um persónuleg, menningarleg, félagsleg og fjölmenningsleg efni
- flytja vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, draga fram aðalatriði og rökstyðja mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og bregðast við fyrirspurnum
- skrifa texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau eru vegin og metin
- túlka og greina krefjandi bókmenntaverk
- nýta nýjan orðaforða í ræðu og riti

--

Mat á hæfniviðmiðum
• nemendur skrifa rökfærsluritgerð og reglulegar ritunaræfingar • nemendur sýna fram á aukinn orðaforða í glósuprófum og ritunaræfingum • nemendur svara efnislegum spurningum úr ólesnum textum • nemendur taka skriflegt próf úr bókmenntum. • nemendur halda fyrirlestur um sérvalið efni tengt raunvísindum • nemendur taka munnlegt próf • símat